

Kjarvalsstaðir:

Eins og taka hjartað úr og setja upp á vegg

— segir Guðrún Gunnarsdóttir listakona

Á Kjarvalsstöðum er allt að lifna við á ný og í vetur verður þar blómlegt menningarstarf. Um helgina verða opnaðar þar sýningar á verkum Guðrúnar Gunnarsdóttur, Roberto Matta að ógleymdum verkum sjálfs Kjarval.

Skúlptúr á vegg

„Ég ætla að sýna þróað verk núna sem ég hef unnið úr vír. Ég hef unnið með textíl í gegnum árin og hef verið að vefa en smá saman fíkraði ég mig út í skúlptúr þar sem vinn með þröðinn. Þetta eru því svona þrívíð verk,“ segir Guðrún Gunnarsdóttir, myndlistarkona. Hún er að fara að opna sýningu á verkum sínum á morgun kl. 16.00 á Kjarvalsstöðum.

Guðrún hefur um árabil verið leiðandi innan veflistarinnar og lagt sig fram við að útvíkka landamæri hennar. Þannig hefur list hennar verið hlaðin ferskleika og hugmyndaauði. Í tengslum við sýninguna hefur verið gefin út sýningar-skýrá með grein eftir Auði Ólafsdóttur, listfræðing, og fjölda litmynda sem enn fremur eru póstkort.



Hér má sjá Guðrúnu Gunnarsdóttur hengja eitt listaverka sinna upp á vegg en hún opnar sýningu á verkum sínum um helgina.

Töluvert taugatrekkt

Guðrún er fædd árið 1948 og hefur haldið fjölda einkasýninga og

tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og erlendis.

Meningarmálanefnd býður Guðrúnu að halda þessa sýningu og það

þykir henni vera mikill heiður. Það er þó ekki laust við að spenningur sé kominn í Guðrúnu.

„Ég er töluvert taugatrekkt því þetta er eins og að taka hjartað úr sér og setja það upp á vegg. Mér finnst það erfitt en ég hugsa að ástand mitt verði orðið mun betra á laugardaginn,“ segir listakonan.

...Matta og svo framvegis...

Á laugardaginn opnar líka sýning á málverkum og skúlptúrum eftir hinn 85 ára gamla surrealista, Ro-

berto Matta. Nefnist sýning hans ...Matta og svo framvegis... en sýningarstjórnirinn Alain Sayag, safnvörður við Pompidousafnið í París, hefur í samráði við listamanninn valið málverk og skúlptúra frá síðustu 10 árum.

Verk Matta eru til sýnis í öllum helstu listasöfnum heimsins auk þess sem verk hans, myndir jafnt sem textar, hafa verið gefin út í fjölda bóka í gegnum tíðina.

Sýningar hans og Guðrúnar verða opnar daglega frá kl. 10.00 til 18.00 og munu standa til 19. október. -ilk



Listaverk eftir Roberto Matta.

Skemmtistaður og kaffistofa:

Úlfaldinn og mýflugan

Fólk sem vill skemmta sér, spjalla saman og hitta annað fólk í vímuefnalausum umhverfi ætti að skella sér á Úlfaldann og mýfluguna um helgina. Þar er hægt að spila bridge og félagsvist, fara í leiklist, á dansnámskeið, í hjóna- og paraklúbba, á dansleiki og tefla. Einnig eru ýmis námskeið í gangi og félagsstarf fyrir unga fólk.

Félags-

starf SÁÁ hefur verið starfrækt í Úlfaldanum og mýflugunni í þrjú ár en nú hefur starfsemin flust í Ármúla 40. Vinsældir félagsstarfs þessa hafa sýnt að mikil þörf er á vímuefnalausri aðstöðu sem rekin er með skipulögðum hætti.

Kaffistofan Mýflugan er opin frá kl. 14.00 á laugardögum og

til 23.30 öll kvöld vikunnar. -ilk



Þessi skemmtir sér alltaf án vímuefna.

Norræna húsið:

Stórtónleikar

Messósópransöngkonan Sigurbjörg Hv. Magnúsdóttir ætlar að halda stórtónleika í Norræna húsinu á morgun. Hefjast tónleikarnir kl. 17.00 en á efnisskránni eru ariur

og lög eftir Haydn, Pál Ísólffson, Si-belius, Bizet og fleiri. Undirleikari Sigurbjargar er Ólafur Vignir Albertsson. Allir eru velkomnir á tónleikana. -ilk



Það er alltaf mikið um að vera á löngum laugardögum á Laugaveginum.

Langur laugardagur

Nú er að hefjast nýtt skólaár og á það verður lögð áhersla á morgun á Laugaveginum. Laugardagurinn á morgun verður langur á þeirri göðu götu en verslanirnar verða opnar til kl. 17.00 og munu verða með góð tilbod á vörum sínum.

Umferðarráð og umferðardeild lögreglunnar verða á svæðinu með umferðarfræðslu og umferðarbangsinn Lúlli verður þeim þar til halds og trausts. Lögreglan ætlar

líka að sýna lögreglubíla og lögregluhjól og Dansráð Íslands og Danssamband áhugamanna ætla að kenna gestum og gangandi vinsælasta dansinn í heiminum í dag, Margarena.

Það verður eitthvað skemmtilegt um að vera fyrir alla fjölskylduna á Laugaveginum á morgun og ekki má gleyma að nýta sér ókeypis aðstöðu í bílastæðahúsinum. -ilk

LEIKHÚS

Borgarleikhúsið

Stone Free
„Kraftmikil tónlistarupplifun“
AE, DV
föstudag kl. 23.30
laugardag kl. 20.00

Lofkastalinn

Á sama tíma að ári
„Ekta fin sumarskemmtun“
AE, DV
föstudag kl. 20.00

Sirkus Skara Skripó
sunnudag kl. 20.00

Sumar á Sýrlandi
laugardag kl. 20.00

Eddie Izzard
föstudag kl. 23.30

Skemmtihúsið

Ormstunga
„Herleg kvöldveisla“
AE, DV
föstudag kl. 20.30
laugardag kl. 20.30

Kaffileikhúsið

Hinar kýrnar
„Framvindan byggist á klækjum og misskilningi og þarf nákvæmar tímasetningar til að allt gangi upp“
AE, DV
föstudagur kl. 21.00
laugardagur kl. 21.00